

Athugasemdir við greinargerð  
Valgarðs Thorodðsen um  
vatnsréttindi í Arnarfirði

eftir

Jakob Björnsson  
og  
Magnús Reyni Jónsson

Október 1960

Athugasemdir við greinargerð Valgarðs Thoroddsen  
um vatnsréttindi í Arnarfirði.

1. Sigurd Houth reiknar með tilteknu afli í 5 mánuði ársins, og annarri hærri afiltölu hina aðræ 7 mánuði ársins, meðaltalið af þessu tekur hann svo sem virkjað afli. Í 5 purrvstu mánuði ársins reiknar hann með 25.400 hestafla afli samsavarandi 18.700 kW. Þetta er það afli, sem er tryggt allt árið um kring, og það svarar til  $18700 \cdot 8760 = 164$  GWh.

Þegar S.H. gerði áætlun sína, voru upplýsingar um rennslisti fallvatna fyrir botni Arnarfjarðar af mjög skornum skammti. Síðari athuganir hafa sýnt, að vetrarrennslio uppi á fjallsbrún getur orðið mjög lítið, og að þessi rennslistala, sem Houth reiknar með, 7,65 m<sup>3</sup>/sek. er alltof há. Houth reiknar með að nýta vatn Svíná og Höfsá í samvirkjunimi. Mælingar sýna, að rennsli þessara vatnafalla að vetri til, einmitt þegar vatn þeirra þyrfti að koma að notum, er mjög lítið, eða jafnvel ekkert stundum. Augljóst er að litlu mali skiptir, hvað rennsli þeirra er á öðrum tímum árs, því að þá er hvort sem er nægilegt vatn fyrir hendi í aðalánum, Mjólká og Dynjandí, sem ekki kemur að notum.

Tölur þar um orkumagn á Anna fyrir botni Arnarfjarðar, sem nefndar voru í greinargerð raforkumálastjórnarinnar, nefnilega 70 GWh/ári í meðalári og 40 GWh/ári í lelegu vatnsári, eru fengnar út frá þeim upplýsingum um rennsli þessara fallvatna, sem vatnsmælingar raforkumálastjóra hafa safnað, og út frá virkjunartilhögum þeirri, sem Almenna byggingafélagið h/f reiknar með í álitsgerð sinni. Þessar tölur hafa ekki verið hraktar í greinargerð Valgarðs Thoroddsen. Að aðal sögðu fast nokkuð mismunandi orkumagnstölur úr mismunandi virkjunartilhögum, svo sem raunar kemur fram í greinargerð raforkumálastjórnarinnar. Í þessu tilfelli eru vitanlega margar tilhaganir hugsanlegar. Þegar velja skal á milli tilhagana, koma mörg sjónarmið til greina önnur en orkumagnatalan, og þá fyrst og fremst, hvaða tilhögum gefi ódyrustu orkuna. Í greinargerð Valgarðs er ekki gerð tilraun til að sýna fram á, að önnur virkjunartilhögur sé hagkvæmari en sú, sem Almenna byggingafélagið leggur til, nema hvað gagnrynt er, að Svíná og Höfsá eru ekki teknar með í áætlun þess. Í því sambandi er rétt að benda á, að skv. tillögum Houth þarf rúmlega 3 km löng jarðgöng til að nýta vatn Höfsá. Með tilliti til þess, sem vitæð er um rennsli hennar uppi á fjalli að vetri til og að framan er á minnzt, má telja vist, að slikt mannvirki svari ekki kostnaði, og far því þessi gagnryni ekki við rök staðið. Miðað við þær upplýsingar, sem fyrir liggja um rennslið, eru framangreindar orkumagnstölur réttar, ef gengið er út frá tilhögum Almenna og þær eða ekki hefur verið með rökum sýnt fram á, að önnur tilhögur sé bentugri, teljum við því, að þær beri að leggja til grundvallar óllum umræðum um verðmáti vatnsréttindanna í ánum fyrir botni Arnarfjarðar.

Eins og áður er sagt, reiknar Sigurd Houth með 25.400 hestöflum í 5 lökstu mánuðum ársins og þar með er betta það afl, sem er tryggt allan ársins hring, skv. hans álíti, og svarar því til þess, sem í greinum þeim í norskum tímáritum, sem fylgdu greinargerð Valgarðs, er nefnt "þáregnlig regulert vannföring" eða "þáregnlig nyttbar vannföring". Þetta er m.ö.o. samfellt afl allan ársins hring í meðal vatnsári. Ef menn vilja heldur reikna í afli en orku má umreikna orkumagnstölur þær, sem nefndar voru í greinargerð raforkumálastjórnarinnar, í slikt samfellt afl. Niðurstöður slíks útreiknings eru sem hér segir:

$$\text{í meðalári } 70 \cdot 10^6 : 8.760 = 8.000 \text{ kW} = 10.900 \text{ hö}$$

$$\text{í lélegu vatnsári } 40 \cdot 10^6 : 8.760 = 4.580 \text{ kW} = 6.250 \text{ hö}.$$

Betta eru því þær hestaflatölur, sem eiga við í þessu sambandi, ef menu vilja heldur reikna í hestöflum en gígawattstundum. Þessu samfellda aflí má hins vegar ekki rugla saman við virkjað afl, því að virkjað afl fer eftir því við hvaða nýtingartíma má búast við á kerfi því, sem stöðinni er ætlað að vinna inn á, og eftir möguleikum til dægur- og vikumiðlunar. Í því tilfelli, sem hér um ráðir, eru miðlunar-möguleikar það miklir, að enginn vandi er að tryggja dægur- og vikumiðlun, þannig að upsett afl fari í þessu tilfelli eingöngu eftir þeim nýtingartíma, sem búið er við. Eftir áætlun Houth er nýtingartíminn a.m.k.  $25.400 : 36.000 \cdot 8.760 = 6.150$  st. á ári. Afltölur þær, sem reiknað er með í áætlun Almenna byggingarfélagsins, svara til um 3.800 stunda nýtingartími. En það er nánkuð lengri nýtingartími, en almennt var é Vestfjörðum um það leyti, sem ætlanir þessar voru gerðar. Til samanburðar má geta þess, að á síðastliðnu ári var nýtingartími meista álags í Mjólkárvirkjun 3.450 stundir.

Eins og að framan segir, er reiknað með að 70 gigawattstundir fáiðist úr virkjununum í meðal vatnsári, en í lélegu vatnsári hins vegar um 40 gigawattstundir. Við teljum að leggja beri orkumagnstöluna í lélegu vatnsári til grundvallar við mat á vatnsrettindum. Í Noregi er það venja, þegar gefið er upp vatnsafl, að miða við miðlað rennsli í svokölluðu ákvarðandi ári (bestemmende ár), sem venjulega er valið þannig, að verstu jöfnunarlinunni (regulæringskurve) af hverjum 10 er kastað burt, þ.e. að betta er það miðlað rennsli, sem tryggja má í 9 ár af hverjum 10 til jafnaðar. Í Noregi álfita þó margir, að þessi aðferð sé óvarleg, miða beri við meira óryggi, t.d. það rennsli, sem tryggja megi í 95% eða 98% af arum, enda fengu Norðmenn slæma reynslu af þessari reglu sinni á síðastliðnu ári (1959), þegar mjög alvarlegur orkuskortur varð í Noregi sökum vatnsleysis. Það sem hér er talið lélegt vatnsár fyrir árnar í botni Arnarfjarðar, er hið lélegasta ár, sem hefur komið á þeim stutta tíma, sem mælingar ná yfir. Um það verður ekkert sagt, hve oft lélegri vatnsár koma fyrir, og þá hve miklu lélegri þau verða, en augljóst mal er, að búast má við lélegri vatnsárum, þannig að líta má á betta lélegasta vatnsár, sem við tölum um hér, sem ákvarðandi ár í þessu sambandi. Sú orkumagnstala, sem við álítum að ganga beri

út frá, er því 40 GWh/ári, svarandi til um 4.560 kW  
= 6.250 högð samfelldi aflið yfir árið.

2. Varðandi orkuvinnslutölu Ljósafossstöðvarinnar, 135 GWh/ári, er það að segja, að hún miðast við meðalvatnsár í Sogi. Í lélegu vatnsemi er tilsvarandi tala 106 GWh/ári. Tölur þær, sem nefndar eru í greinargerð Valgarðs og tekna upp úr ritinu "Orkumál" um orkuvinnslu Ljósafossstöðvarinnar, er ekki að marka í þessu sambandi, þar eða miðlun var ekki komin í Þingvallavatn á þeim tímum, sem þær um ræðir, og því er orkuvinnslugeta stöðvarinnar eigi fullnytt.
3. Varðandi umreikning á vatnsréttindum í Ljósafossi úr kr. 108.000,- eins og þau voru keypt að, yfir að verðlag ársins 1956, þá er það sjálfsagt umdeilanlegt með hvaða tölu beri að margfalda, en augljóst er, að þeirri tölu er ætlað að sýna hlutfallið milli verðlags almennt 1956 og verðlagsins, þegar kaupin voru gerð að vatnsréttindum Ljósafoss. Í greinargerð Valgarðs er notað í þessu skyni hlutfallið milli timakaups Dagsbrúnarmanna árið 1932 og 1956. Þetta myndi þyða, að kr. 1,36 árið 1932 eru jafn verðmætar og kr. 21,02 árið 1956, eða m.ö.o. að engin raunveruleg kauphekkun hafi átt stað að tímabilinu. Slikt er augljós fjarstæða. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar er það riflega ætlað, að visitala framfærslukostnaðar hafi tifalduzt frá árinu 1932 til ársins 1956 og inn í tölunni 10 máskv. upplýsingum Hagstofunnar reikna með að sé innifalin nokkur leiðréttning a ymsum skekkjum í visitölugrundvellinum. Það verður því eigi séð, að þessi tala hafi verið hrakin með neinum frambærilegum rökum, og teljum við því, að leggja beri náan til grundvallar við umreikning á söluverði vatnsréttindanna í Ljósafossi frá árinu 1932 til ársins 1956.
4. Í greinargerð Valgarðs eru stuðlarnir, sem settir voru fram í greinargerð raforkumálastjórnarinnar, orkuvinnslustuðull og virkjunarkostnaðarstuðull gagnrýndir mjög. Eins og tekið var fram í greinargerð raforkumálastjórnarinnar eru stuðlarnir engan veginn neinar fastar funktionir, heldur var þeim ætlað að sýna megintrætti í því hvernig eðlilegt væri að verðmæti vatnarettinda breyttust með orkumagninu. Það er alkunna, að framleiðslukostnaður raforku eins og reyndar margra vörutegunda verður minni á hverja einingu eftir því sem einingarnar eru fleiri. Ef nú verðmæti vatnsréttinda á einingu væri óbreytt, óháð fjölda eininganna, mundi hundraðshluti vatnsréttindanna í framleiðslukostnaði einingarinnar vaxa eftir því sem einingarnar verða fleiri. Slikt er óeðlilegt. Hugleibingar Valgarðs Thoroddsen í þessu sambandi missa marks, þar eða þar formúlur, sem hann setur fram um framboð og eftirspurn, gilda um söluverðmæti orkunnar, en ekki um framleiðslukostnað hennar, en það er einmitt um framleiðslukostnaðinn, sem hér er um að ræða, því að vatnsréttindin eru að sjálfsögðu hluti af framleiðslukostnaði raforkunnar.

En framleiðslukostnaður vörur er óháður framboði og eftirspurn svo sem kunnugt er, það er einungis söluverðmætið, sem fer eftir framboði og eftirspurn, og um það er alls ekki að ræða í þessu sambandi. Forsenda raforkumálastjórnarinnar fyrir setningu stuðulsins A er því rétt en ekki röng eins og segir í greinargerð Valgarðs. Það er því augljóst, hvernig funktioninni  $a = f(GWh/ári)$  er háttar og hún er engin raðgáta eða getgáta, sem ekki verður byggt á, heldur í samræmi við alkunnar staðreyndir um framleiðslukostnað raforku eftir einingarfjölda.

Í greinargerð Valgarðs Thoroddsen er ekki beinlinnis gerð nein tilraun til að hrekja virkjunarkostnaðarstuðul þann, sem settur er fram í greinargerð raforkumálastjórnarinnar. Hins vegar er reynt að gera hann tótryggilegan. Sú hugmynd, sem lá að baki þessum virkjunarkostnaðarstuðli er sú, að litlar virkjanir með litla orkuvinnslugetu eru að jafnaði dýrari í virkjun reiknað á einingu heldur en stórar virkjanir og því var talið, að meira væri borgandi fyrir vatnsréttindi að öðru jöfnu ef orkuvinnslugetan væri há heldur en ef hún væri lág. Það verður ekki séð, að þessari hugmynd sé mótmælt með rökum í greinargerð Valgarðs, og teljum við því að hún sé rétt, enda þótt að sjálfsögðu megi um það deila hvaða form funktionin  $b = f(GWh/ári)$  eigi að hafa í einstökum atriðum. Sú fullyrðing Valgarðs, að formúlur þær, sem settar voru fram í greinargerð raforkumálastjórnarinnar, séu með öllu ónothaðar í þessum efnum, er örökstudd og því að engu hafandi.

Í greinargerð Valgarðs Thoroddsen segir, að mat vatnsréttinda hafi verið nokkuð á reiki her sem viða annars staðar. Þetta er hverju orði sannara. Formúlur þær og útreikningar, sem settar voru fram í greinargerð raforkumálastjórnarinnar, voru einmitt hugsaðar sem tilraun til þess að koma fastara skipulagi á þessi mál og teljum við, að í aðalatriðum beri að leggja þær til grundvallar við mat á vatnsréttindum almennt og í þessu tilfelli þá einnig.

5. Í greinargerð Valgarðs er nokkuð rætt um hvenær orkumagn virkjananna fyrir botni Arnarfjarðar muni verða fullnotað, og sagt, að í greinargerð raforkumálastjórnarinnar komi fram, að þessi virkjun muni nægja Vestfjörðum um langa framtíð, a.m.k., 15 ar. Það er rétt, að í greinargerð raforkumálastjórnarinnar var reiknað með, að þær 30 gigawattstundir, sem eftir væru eftir að núverandi virkjun er fullnotuð, yrðu virkjaðar eftir 15 ár. En í þessu sambandi er rétt að benda á, að ef reikna ætti nákvæmlega, ætti að reikna á fullu verði aðeins þá orku, sem er notuð á fyrsta ári virkjunarinnar, nokkuð lægra þá viðbótarorku, sem kemur til á næsta ári, og svo koll af kolli. Þetta er að sjálfsögðu nokkuð tafsamir reikningar og þar að auki nokkuð erfitt að segja til um, hve mikil orkan eykst á hverju ári. Var því sú leið valin í greinargerð raforkumálastjórnarinnar að hafa breppin aðeins tvö og reiknað með að greiða fullt verð fyrir 10 gigawattstundir, enda þótt þær verði engan vegin full-

notaðar strax, og að þær 30 gigawattstundir, sem eftir eru, kemur til virkjunar fimmán árum síðar. Þessi tímabil ber ekki að skoða sem áætlun um endingartíma núverandi virkjunar, heldur einungis er hér um að ræða að skipta orkumagninu í tvö þrep, í stað hins samféllda reiknings, sem áður er á minnzt að væri hin nákvæma aðferð.

Í greinargerð Valgarðs segir svo orörétt: "Stöðin tökk til starfa á arinu 1959 og reyndin var sú að hún varð fullnotuð nokkrum mánuðum síðar og nú þegar er fyrirsjáanlegur raforkuskortur á Vestfjörðum". Þetta er að sjálfsögðu algerlega út í bláinn. Árið 1959 vann Mjólkárþirkjun rúmlega 4,8 gigawattstundir, og meista álag varð 1400 kilowött af 2400 kilowatta afli, sem er uppsett í stöðinni.

Árið 1959 var orkuvinnsla allra stöðvanna á Vestfjörðum (Mjólkars, Reiðhjalli, Ísafjörður, dísiliststöðvar) um 10,5 GWh. Sé nú reiknað með að þessi tala tvöfaldist á næstu 10 árum átti orkuvinnslan árið 1969 að vera orðin 21 GWh. Þar af gæti Mjólká unnið 10 GWh og aðrar vatnsaflsstöðvar á Vestfjörðum (Reiðhjalli og Ísafjörður) um 5 GWh, miðað við lelegt vatnsárár. Með dísiliststöðvunum yrði þá að vinna 6 GWh. Þegar þess er gætt, að hér er reiknað með lelegu vatnsári, er sílik dísilorkuvinnsla ekki óeðlileg. Það má því teljast mjög líklegt, að næsta virkjun í botni Arnarfjarðar taki til starfa 1970-71 eða 14-15 árum eftir að greinargerð raforkumálastjórnarinnar er skrifuð 1956, og sést á því, að tíminn 15 ár hefur ekki verið valinn af neinu handahófi, heldur með hliðsþjón af því, sem líklegt er að verði í reynd.

6. Í greinargerð Valgarðs er rætt nokkuð um virkjanlegt vatnsafl í ýmsum löndum Evrópu, og þar sagt, að af 26 löndum hafi 11 lönd meira virkjanlegt afl en Ísland en 14 lönd minna. Í þessu sambandi er auðvitað ekki rétt að bera saman virkjanlegt vatnsafl eitt útaf fyrir sig, heldur verður þar íbúatala viðkomandi lands að koma inn í, því að sjálfsögðu fer eftirspurnin eftir raforku nokkuð eftir íbúatölu. Þó að þéttbýlt land eins og Pýzkaland hefði jafnmikið virkjanlegt vatnsafl og Ísland, er eftirspurnin eftir orkunni að sjálfsögðu minni á Íslandi sökum fólksfæðarinnar. En um virkjanlega orku reiknað á íbúa er Ísland langhæsta landið í Evrópu, um það bil 4 sinnum hærra heldur en það land, sem næst kemur á eftir, Noregur, og um það bil 67 sinnum hærra en meðaltalið fyrir alla Evrópu. Hlutfallið milli framboðs og eftirspurnar á vatnsaflri hlýtur því að verða miklu hærra á Íslandi en í nokkru öðru Evróplandi.
7. Valgarð Thoroddsen gerir tilraun til að bera saman verðmæti vatnsréttinda og hitarettinda. Í því sambandi ræðir hann um hve mikill hluti jarðhitans sé virkjaður og fær út, að það sé svipuð hundraðstala og fyrir vatnsafla. Við þetta er það að athuga, að öll notkun jarðhita á Íslandi fram til þessa hefur verið bundin við notkun á heitu vatni, og öll sú sala hitarettinda, sem Valgarð nefnir, er sala á

heitavatnsréttindum. Djúpborun eftir jarðgufu varö ekki möguleg fyrr en að hinn stóri gufubor kom til landsins nú fyrir þremur árum. Af allri jarðhitaorku landsins er orka sú, sem bundin er í heitu vatni, talin vera nálagt 1500 l/sek, þar af er virkjað um 500 l/sek, eða um 33%. Af heitavatnsorku landsins er þannig miklu sterri hluti þegar virkjaður en af vatnsorkunni, og kann það að skyra það tiltölulega háð verð, sem greitt hefur verið fyrir heitavatnsréttindi að undanförnu. Sala á jarðgufuréttindum hefur hins vegar ekki farið fram ennþá hér á landi og er því ekki um að ræða neinn samanburð um sölu vatnsréttinda.

Í greinargerð Valgarðs er rætt um sölu á vatnsréttindum á Norður-Reykjum í Mosfellssveit, og talið, að nettovatnsmagn það, sem fíkkst úr borunum þar, hafi verið 125 l/sek, og hafi eigendur vatnsréttindanna fengið 19,44 l/sek, eða um 14%. Í þessu er sú veila, að þegar vatnsréttindin eru seld, var ekki reiknað með því að vatnið í borholum á Suður-Reykjum mundi minnka eins og raun varö á, og er sú rýrnun sölu heitavatnsréttindanna á Norður-Reykjum algjörlega óviðkomandi. Valgarð telur, að heildarmagn úr borholum á Norður-Reykjum hafi verið um 225 l/sek, og er það því sú tala, sem miðaði við í stað 125. Sé það gert verður hlutur eigendanna ekki 14% heldur 8%. Nokkru síðar í greinargerðinni reiknar Valgarð út, hvað þetta vatnsmagn þýði fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, ef hún seldi það til almennra viðskiptavina. Fær hann út, að stöðugt rennsli 19,44 l/sek þýði 610 þús. teningsmetra á ári. Við þetta er það að athuga, að þessir 19,44 l/sek er það mesta rennsli, sem Hitaveitan missir af vegna samninganna um vatnsréttindin. Hins vegar er meðalrennslið á ári til Reykjavíkur ekki nema um 80% af mesta rennsli, þannig að tapið er ekki 610 þús. teningsmetrar, heldur 610 þús. sinnum 0,8 = 488,000 teningsmetrar á ári. Auk þess kemur, að engan veginn er vist, að eigendur heitavatnsréttindanna notfæri sér allt þetta vatnsmagn á ári, þannig að raunverulegt tap hitaveitunnar kann að vera mun minna en þessu nemur. Miðað við 1,10 kr. á hvern teningsmetra vatns, en það var söluverð heitavatnsins á árinu 1947, er það verðmæti, sem hér um ræðir 488,000 : 1,10 = 540.000 kr. á ári. Þá er það umreikningurinn á verölag arsins 1956. Þar viðhefur Valgarð þá sömu aðferð og aður, að miða við kaupgjald, sem eins og aður er synt fram á mundi raunverulega þýða að raunverulegt kaupgjald hefði ekkert hækkað á timabilinu. Þá aðferð teljum ver ekki koma til mala að nota hér, heldur beri að nota vísitölu framfærslukostnaðar, sem samkvæmt upplýsingum fra Hagstofunni hefur hækkað um 73% á timabilinu. Reiknað á þann hátt mundi fást föst greiðsla 930.000 : 1,73 = 1.620.000 að viðbættum 772.000 : 1,05 = 810.000, samtals 2.430.000. Arleg greiðsla 540.000 : 1,73 = 935.000,- kr. á ári hverju.

Orkumagn það, sem hér er um að ræða, er 225 · 50 · 3.600 : 860 : 0,736 = 64.000 hö. Söluverðmæti heitavatnsréttindanna verður það kr. 38,- í eitt skipti fyrir hvert hestafli + kr. 14,80 fyrir hvert hestafli á hverju ári.

Afltala sú, sem ganga ber útfrá í þessu sambandi fyrir vatnsföllin fyrir botni Arnarfjarðar, er  $40 \cdot 10^6 : 8.760 = 0,736 = 6.250$  hö samfellt afi yfir árið svo sem aður er synt fram á, og með því móti yrði verð vatnsréttindanna reiknað eftir verðmæti hitaréttindanna í Mosfellssveit  $6.250 \cdot 38 = 237.000$  í eitt skipti +  $6.250 \cdot 14,80 = 92.500$  á hverju ári. Sé þessi árlega upphæð kapitaliseruð með 6% vöxtum, svarar hún til 1.543.000 kr. Þar til viðbótar kemur fasti hlutinn, 237.000 bannig að heildarkaupverð vatnsréttindanna miðað við að allt orkumagnið sé virkjað strax yrði 1.780.000. Af því kemmi svo 1/4 hluti til greiðslu strax, eða 445.000, en í hina 3/4 eða 1335.000 aðtti að deila með 1,0615, og út úr því fengist 555.000,- krónur, bannig að heildarkaupverð vatnsréttindanna í dag yrði 445.000,- + 555.000,- = 1.000.000,- kr. Þessi upphæð, ein milljón krónur, er til samanburðar við kr. 18.500.000,- sem fengist með sams konar reikningi, ef gengið er út frá tólu þeim, sem Valgarð Thoroddsen nefnir í greinargerð sinni, nefnilegla kr. 2.800.000,- í eitt skipti + kr. 1.800.000,- á hverju ári.

Það skal skyrt tekið fram, að við teljum ekki, að sú aðferð sem hér hefur verið viðhöfð, sé eðlileg, né að hana beri að nota við verölagningu vatnsréttinda. Þessir útreikningar eru gerðir einungis til að sýna fram á, hve fjarri lagi tölurnar í greinargerð Valgarðs eru.

8. f 4. kafla greinargerðar Valgarðs er rætt um verðlag vatnsréttinda í naðrannalöndunum, Noregi og Svíþjóð, og komið að þeirri niðurstöður, að ekki virðist vera um neinn fastan verðgrundvöll að ræða þar, heldur er verðið afar mismunandi. Sem dæmi nefnir hann, að það geti verið frá tveimur sánskum krónum til átta þús. sánskar krónur pr. eðlishestafl. Það er því augljóst, að ekki er neinn stuðning hagt að hafa af slíkum samanburði við Norðurlönd og hefur hann því ekkert gildi í verölagningu þeirra vatnsréttinda, sem hér um ræðir. Í þessu sambandi er ekki úr veki að minnast á sölu vatnsréttinda í nokkrum íslenzkum vatnsföllum.

a) Árið 1929 voru vatnsréttindi í Efra Sogi metin á kr. 10,- pr. hestafl af sérstakri matsnefnd. Var þá reiknað með, að virkjun standi fyrir dyrum. Sé nú reiknað með, að verðlag hafi 11-faldazt fram til 1956, svarar þetta til 110 kr. pr. hestafl á því ári. Á þeimforsendum yrði söluverð vatnsréttindanna í Arnarfirði

$$\frac{1}{4} \cdot 6250 \cdot 110 + \frac{1}{1,0615} \cdot \frac{3}{4} \cdot 6250 \cdot 110 = 385.000 \text{ kr.}$$

- b) Árið 1932 voru vatnsréttindi í Ljósafossi í Sogi metin og seld á 8 kr. pr. hestafli. Sé reiknað með 10-földun verölags fram til 1956, yrði samsvarandi verð vatnsréttindanna í Arnarfirði

$$385.000 \cdot \frac{8}{10} \cdot \frac{10}{11} = 280.000 \text{ kr.}$$

- c) Um 1950 keypti ríkið vatnsréttindin í Þjórsá af norska Titan-félaginu, fyrir samtals 1,2 miljónir íslenskra króna. Áætlað er, að ársorka Þjórsár í lelegu vatnsári sé um 8.700 GWh svarandi til nálegra einnar millj. kilowatta samfellds afsl. eða 1.360.000 hestafla. Kaupverðið pr. hestafli hefur því verið kr. 0,88 á verölagi ársins 1950. Sé reiknað með, að verölag hafi verið um 70% hærra árið 1956 en 1950 svarar þetta til kr. 1,50 pr. hestafli á verölagi ársins 1956. Nú má gera ráð fyrir, að orka Þjórsár verði fullnytt uppúr næstu aldamótum, eða í kringum árið 2010, þannig að það líða 60 ár frá því kaupin eru gerð bar til reikna má með, að orkan verði fullnytt. Ef við nú tökum meðaltal má því segja, að framangreind tala, kr. 1,50 pr. hestafli, setti að margfaldast með 1,06<sup>20</sup>, og yrði þá verðið um kr. 8,60 pr. hestafli, reiknað á verölagi ársins 1956 miðað við að virkjun staði fyrir dyrum. Út frá þessum forsendum yrði verðmesti vatnsréttindanna í Arnarfirði

$$\frac{1}{4} \cdot 6250 \cdot 8,60 + \frac{\frac{1}{4} \cdot 6250 \cdot 8,60}{1,06^{15}} = 30,000 \text{ kr.}$$

eða aðeins um 14% þess, sem þau eru talin í greinargerð raforkumálastjórnarinnar. Sest af því, að þar virðist sízt vera um óhagstæða verölagningu að ræða, miðað við kaupin á Þjórsá. Við teljum eðlilegra, að miða í þessu sambandi við kaup á Þjórsá, heldur en við kaupverð vatnsréttinda úti í Skandinavíu, þar sem hvort sem er virðist ekki vera um neinn verðgrundvöll að ræða þar heldur.

9. í 5. kafla greinargerðar sinnar ræðir Valgarð nokkuð um virkjanlegt afl og orku, og endurtekur þar ýmsar þær tölur, sem hann aður hafði minnzt að úr áætlunum Sigurd Houth. Þær kemur lítið nýtt fram, og vílast í þessu sambandi til þess, sem aður er sagt um orkumagnstölur Houth og raforkumálastjórnarinnar. Í greinargerðinni fær Valgarð út, að orkuvinnslugeta stöðvanna við Mjólká og Dynjandi væri náleagt 110 GWh/ári, ventanlega í meðalári. Þetta er nokkrum lægri tala en fram kemur í áætlunum Houth, sem var 164 GWh, og að framan var getið. Hins vegar virðist hún ekki á neitt meiri rökum reist en hin fyrri, og vílast í þessu sambandi til þess, sem að framan er sagt um orkumagn anna, sem við teljum að sé ekki meira en 70 GWh í meðalvatnsári, og 40 GWh í lelegu vatnsári, og eru þær tölur ekki hraktar í þessum kafla greinargerðarinnar heldur. Í þessari gr ein er enn endurtekin sú reginfirra, að Mjólkarvirkjun hafi orðið fullnotuð eftir nokkra mánuði. Var það hrakið hér að framan.

í fyrsta hluta 6. kafla greinargerðarinnar ræðir Valgarð um virkjunarstærðina, og telur að hægt sé að virkja 38.000 hestöfl og vinna 110 GWh á ári. Þessum tölum hefur þegar verið mótmælt og skal það ekki endurtekið hér. Þá telur Valgarð, að öruggur markaður sé, að því er virðist strax fyrir 40 GWh/ári frá virkjun við Anarfjörð. Árið 1959 var raforkunotkun Reykvikings um 2.250 kilowattstundir á mann, reiknað í orkuveri. Til eru staðir á landinu, þar sem orkunotkun á mann er hærri, svo sem í Hafnarfirði, Akureyri, Akranesi og fleiri stöðum, en orsókin er þá sú, að veruleg húshítun er talin með í þeirri notkun. Nú leikur nokkur vafi á því, hvort þjóðhagslega séð borgi sig að hita hús með raforku, og er því hæpið að reikna með slíkri notkun í þessu sambandi. Íbúafjöld á orkuveitusvæði Vestfjarðaveitu er nálægt 7 þús. manns. Sé nú reiknað með sömu notkun á mann og nú er í Reykjavík, verður þörfin 15,7 GWh/ári. Nú er ekki óeöllilegt að bæta við þessa notkun ca. 5 GWh til fiskiönaðar, þannig að heildarþörfin yrði um 20 GWh/ári. Þetta gerir nálægt 3 þús. kWh á mann að meðaltali. Fyrr í greinargerðinni hefur Valgarð Thoroddsen reiknað með tölunni 4.200 kWh á mann, sem hann tekur frá Hafnarfirði, og þar við bestir hann raforkunotkun í fiskiönaði. Nú mun það vera svo, að í Hafnarfirði er notkun fiskiönaðar meðtalin í þessum 4.200 kWh, og það er þannig augljós veila að taka hann svo aftur sérstaklega. Það er því langt frá því, að öruggur markaður sé fljótlega fyrir 40 GWh/ári á Vestfjörðum. Nú sem stendur er notkunin þar aðeins um 1500 kWh á mann Samkvæmt reynslu annars staðar má gera ráð fyrir, að það taki allt að 10 árum að tvöfalta þessa notkun og koma henni upp í ca. 3000 kWh á mann, eða 20 GWh/ári alls, sem þó er aðeins helmingur af því, sem Valgarð telur í sinni greinargerð, að öruggur markaður sé fyrir hendi strax.

10. Þá gerir Valgarð tilraun til að sýna fram á, að virkjunarkostnaður muni verða lægri við árnar í botni Arnarfjarðar heldur en t.d. í Efrafalli í Sogi sökum þess hve fallhæðin sé miklu meiri á fyrrnefndu staðnum. Nú er það að visu rétt, að turbinur og rafalar eru ódýrarí fyrir mikið fall en lítið að öoru jöfnu. En vert er að gæta að því, að turbinur og rafalar eru eigi nema litill hluti af heildarkostnaði vatnsaflsvirkjunar. Samkvæmt ætlun um virkjunarkostnað við Efrafoss eru turbinur og rafalar aðeins um 12% heildarupphæðarinnar. Það skiptir því tiltölulega litlu málí fyrir heildarkostnaðinn þótt þessi líður sé t.d. tvöfalt dýrarí við Efrafall reiknað pr. afleiningu heldur en við Arnarfjörð. Hins vegar eru jarðgöng í Efrafossi 360 m löng og 64 fermetrar að þverskurðarflatarmálí. Samkvæmt virkjunartilhögnum Houths eru Jarðgöng samtals um 8 km löng og sé nú gert ráð fyrir, að þau séu höfð eins bröng og frekast er unnt ef á annað borð á að vera hægt að sprengja þau, sem er kringum 4 m<sup>2</sup>, þá má reikna með, að einingarverðið pr. m<sup>3</sup> sé um 600.- kr. á móti 130.- krónum við Efrafoss. Hlutfallið milli kostnaðar við jarðgöngin

við Efra-Sog og í Arnarfirði yrði því um 8.000 : 350 : 4 : 64 : 600 : 130 = 6,6, þannig að ætla má, að jarögöngin í Arnarfirði yrðu 6-7 sinnum dýrari en jarögöngin við Efra-Sog. Nú er hins vegar virkjunarstærðin í Arnarfirði óumdeilanlega margfalt minni en við Efra-Sog, þannig að jarðgangakostnaðurinn pr. afleiningu verður að sjálfsögðu margfalt hærri heldur en við Efrafall, og enda þótt vélar og rafbúnaður yrði eittkvæð ódýrari er augljóst, að heildarvirkjunarkostnaður, reiknaður á afleiningu, verður margfaldur í Arnarfirði á við það, sem var við Efrafall í Sogi. Það er því algerlega rangt hjá Valgarð Thoroddsen að reikna megi með tiltölulega ódýrari virkjun í Arnarfirði heldur en við Efrafall í Sogi. Er því síður en svo, að vatnsréttindin ættu að verða meira virði af þessum sökum. Þvert á móti ættu þau að verða til muna minna virði en við Efra-Sog.

11. Síðar í greinargerðinni endurtekur Valgarð samanburð sinn á sólu vatns- og hitaréttinda. Um þann samanburð hefur aður verið rætt, og sýnt fram á að tala sú, sem Valgarð fær út, er um 18 sinnum of há, enda þótt aðferð hans sé lögð til grundvallar. Það er einnig að það bent, að búið er að virkja miklu meiri hluta af heitavatnsorku landsins en vatnsorku, og því ekki óeöllilegt, að heita vatnsréttindi seu metin nokkru hærra en vatnsréttindi. Teljum við því, að samanburður við heitavatnsréttindi sé ekki eöllilegur í þessu tilfelli.

Einn ræðir Valgarð um samanburð við Norðreg og Svíþjóð. Áður hefur verið minnzt á, að í þessum löndum virðist ekki vera um neinn fastan grundvöll að ræða við mat á vatnsréttindum, og að tölur þaðan eru afar mismunandi, sbr. dæmi, sem aður voru nefnd um 2 sónskar kr. - 8000 sónskar kr. pr. eöllishestafl. Var þar einnig sýnt fram á, að engan stuðning er í þessu tilfelli hægt að hafa af slikeum samanburði við Norðurlönd og verður því ekki frekar um hann rætt hér.

Í síðasta hluta greinargerðarinnar dregur Valgarð saman niðurstöður sínar af aðurnefndum tölum. Þessar tölur hafa þegar verið hraktar, og þar með náttúrlega einnig niðurstöðurnar og verður því ekki frekar um þennan kafla rætt. Aðeins skal bent á, að í umreikningunum, sem Valgarð viðhefur frá norsku og sónsku verði, reiknar hann með gengi eins og það er eftir 1. mars 1960, sem er allt annað og hærra en var í gildi á miðju árinu 1956. Af þeim sökum eru allar þær tölur, sem hann nefnir frá þeim löndum um 100% of háar.

12. Í lok greinargerðarinnar eru dregnar saman niðurstöður af hugleiðingunum framar í henni og settar fram ýmsar tölur um verðmáti vatnsréttindanna í Arnarfirði eftir mismunandi forsendum. Þessum tölum hefur öllum verið mótmælt hér áður og skal það ekki endurtekið hér, því að bessi kafli um niðurstöður inniheldur í rauninni ekkert nýtt.

13. Valgarð Thoroddsen hefur einnig látið frá sér fara greinargerð, sem nefnist "Framhaldsathugun um mat vatns-falla við Arnarfjörð." Þar ræðir hann fyrst um virkjanlega orku og telur, að með virkjunartilhögun Almenna byggingarfélagsins sé vatnasvið ánnan illa hagnytt. Siðar í greinargerðinni er þó minnzt á sérvirkjun þá, sem Almenna byggingarfélagið gerði ráð fyrir að reisa við Mjólkárósa, en sú virkjum mundi einmitt nýta vatnasvið Mjólkár neðan Langavatns, þannig að það, sem Valgarð segir áður um slama nýtingu vatnasviðsins, fellur um sjálft sig, og kemur það raunar fram síðar í greinargerð hans.

Síðan tekur Valgarð það afl, sem Sigurd Houth reiknaði með að fá úr Höfsá og bætir því við það afl, sem reiknað er með í áætlun Almenna byggingarfélagsins og fær þannig út samtals 34.300 hestöfl, eða mjög nálægt því, sem Houth reiknaði með árið 1920. Við þetta er að athuga, að hér er ekki um sambærilegar tölur að ræða svo sem að framan hefur verið bent a. Afltölur Almenna miðast við nýtingartíma, sem er um 3.800 stundir á ári, en Houth virðist reikna með um 6.000 stunda nýtingartíma. Það nær því engri átt að leggja þessar tvær tölur saman, þar eru alls ekki sambærilegar, eins og augljóst er, og því hrein tilvilkjun að út kemur svipuð tala og Houth reiknaði með árið 1920. Slikt sannar að sjálfsögðu ekkert, þegar um þannig ósambærilegar aftölur er að ræða.

Þá gerir Valgarð enn tilraun til að sýna fram á, að sleppt sé nothæfu vatnsafl, sem sé Svíná. Fær hann út, að þar sé um að ræða nálægt 1.000 hestöfl. Hins vegar byggir hann þá tölù á vatnsrennslismælingu, sem gerð var hinn 28. júlí 1952. Þessi veila er mjög einkennandi fyrir greinargerðina, því að þessi mæling er gerð um hásumar, þegar vatn er nóg á þessu vatnasviði. Það er alls ekki um neinn vatnsskort að ræða á þessu svæði að sumri til, það er veturninn, sem er erfiði tímann á þessum slóðum, og gagn Svínár verður að metast eftir því, hvaða vatn hún getur tryggt að vetri til, einmitt þegar á vatninu þarf að halda. Það er óþarfí að leiða vatn úr Svíná til þess að fá 1000 hestafla viðbót að sumri til, það má þegar fá úr vatni Mjólkár eða Dynjandi á þeim tíma. Hins vegar hefur verið bent að það í greinargerð raforkumálastjórnarinnar, að vatnsrennsli Svínáar að vetri til sé hverfandi eða jafnvel ekkert í þessari hæð, og það er einmitt ástæðan til þess, að því er haldið þar fram, að hún sé einskis virði í þessu sambandi. Það hefur ekki verið hrakið með þessum útreikningum Valgarðs.

Þá drepur Valgarð á nýtingu fallhæðarinnar milli Stóra- og Litla-Eyjavatns, og bendir á, að þar megi reisa dælurafstöð, sem á tínum lítils álags gæti dælt vatni upp í Stóra-Eyjavatn. Augljóst má vera, að netto-orkuvinnsla slikrar stöövar hlytur að verða næsta takmörkuð, og leikur því allmikill vafi á því, hvort slik stöö svari kostnaði.

Að lokum dregur svo Valgarð saman í eina niðurstöðu þessar afltölur og fær þannig samtals 42.300 hestöfl. Æður hefur verið bent á, hversu hann leggur saman annars vegar afltölur Almenna byggingarfélagsins, sem miðaðar eru við 3800 stunda nýtingartíma, hins vegar afltölur Houths, sem miðaðar eru við 6000 stunda nýtingartíma. Ekki kemur fram við hvaða nýtingartíma afitala Svinár og virkjunarinnar milli Stóra- og Litla-Eyjavatns er miðuð, né heldur aflið af vatnasvæðinu sunnan Dynjandiár, sem Valgarð tekur með barna, en augljóst er, að þessar fjórar síðastnefndar afltölur eru settar fram án rökstuðnings svo sem aður hefur verið bent á og eiga þær því að sjálfsögðu að falla burt. Ennfremur ber þess að gæta, að sú afitala, sem reikna ber með í þessu sambandi, ef miða skal við afl. en ekki orku, er samfellt afl yfir árið, eða svarandi til "þáregnlig nyttbar vannföring", sem að sjálfsögðu er það rennsli, sem halda má konstant yfir árið. Þess vegna ber ekki að miða við afltölur, sem eru fengnar út með 3.800 st. nýtingartíma, heldur við samfellt afl, en eins og aður er sýnt fram á, er samfellt afl virkjananna skv. tilhögun Almenna byggingarfélagsins um 6250 hestöfl, en ekki 27.600 eins og Valgarð telur í greinargerð sinni. Í stað afltölunnar 42300 hestöfl á þannig að standa 6.250, ef rétt er. Varðandi hagnýtingu vatnasvæðisins sunnan Dyrhjandis-ár er það að segja, að ekki reiknar Almenna byggingarfélagið með því í sinni greinargerð, og við teljum, að ekki hafi verið sýnt fram að með rökum, að tilhögun Almenna byggingarfélagsins sé óheppileg, né heldur að aðrar tilhaganir séu heppilegri og er því ekki hægt að fallast á að þetta vatnsvið se tæknilega eða fjárhagslega nýtanlegt.

14. Þá er enn endurtekinn samanburðurinn við Efra-Fall frá aðalgreinargerðinni. Sá samanburður hefur þegar verið hrakinn hér, og skal ekki endurtekið það, sem þar var sagt. Í þessu tilfelli reiknar Valgarð ennþá eftir hlutfalli kaupgjalds árið 1929 og 1956. Aður hefur verið bent á veiluna í þeim reikningi, þar eða hann myndi þyða, að kaupgjald hefði raunverulega ekkert hækkað á þessu tíma-bili. Síkt fær hins vegar ekki staðið, svo sem aður hefur verið sýnt fram á. Þá er ennfremur endurtekin sú firra, að vatnsorkan í Arnarfirði ætti að vera verömeiri vegna þess að fallið sé meira. Aður hefur verið sýnt fram á, að svo er ekki. Sökum margfalt lengri vatnsvega og meiri tilkostnaðar við virkjun vatnsorkunnar á einingu reiknað, ætti einingarverð vatnsréttindanna þvert á móti að vera minna við Arnarfjörð heldur en við Efra-Sog.
15. Þá er ennfremur minnzt aftur á verðlag vatnsréttinda í Noregi og Svíþjóð. Í þessu kemur lítið nýtt fram, en staðfestir aðeins það, sem aður var komið fram, að verðlag þeirra virðist vera afar mismunandi í þessum löndum, og ekki um neina fasta reglu að ræða. Svo virðist sem Valgarð taki fremur þar hærri tölur, sem nefndar eru í úrdrætti þeim úr

tímaritsgreinum, sem fylgir greinargerö hans, fremur en hinar lægri. Á þessum stað í greinargeröinni getur Valgarö þess, að í Noregi sé það almenn regla, sem virðist vera örðin lögakveðin nú, að beata 25% ofan á venjulegt matsverö, þegar um eignarnám er að ræða. Við viljum mótmæla því, að enda þótt betta kunní að vera lögakveðið í Noregi, hafi það nokkurt gildi hér á landi fremur en önnur norsk lög. Æður hefur verið bent að, að við um-reikning í íslenzkra krónur notar Valgarö í greinargerö sinni gengi það, sem gekk í gildi hinn 1. mars 1960, sem að sjálfsögðu kemur ekki til mála að gera í þessu sambandi, heldur ber við slikan samanburð auðvitað að miða við það gengi, sem gilti á árinu 1956. Eins og æður hefur verið bent að, má því leskka allar tölur Valgarðs, sem fengnar eru með samanburði við Noreg og Svíþjóð, um helming af þessum sökum einum. Í síðasta hluta greinargerðarinnar gerir Valgarö nokkurn samanburð við Svíþjóð. Tekur hann þar verö, sem Smedberg verkfræðingur hafði reiknað með á árinu 1952, sem er sanskar kr. 90,- pr. hestafli. Æður var þess getið, að verðmeeti vatnsréttinda í Svíþjóð væri breytilegt allt frá tveim sanskum kr. upp í 8 þús. sanskar kr. pr. hestafli, svo að af því sést þegar, að samanburður við Svíþjóð er aðið óeðlilegur og gefur lítið fast að miða við. Pessar 90.- kr. umreiknar hann síðan á gengi 7,36, sem er helningi of hátt, og fær þannig út 660 kr. pr. hestafli í stað 330.-. Síðan gefur Valgarö sér, að hækjunin í Svíþjóð hafi verið preföld á þessu tímabili. Þá tölur rökstyður hann ekki, og verður hún að teljast úr lausu lofti gripin, og er því ekki á neinn hátt reiknandi með henni í þessu tilfelli.

16. Að lokum viljum við taka fram eftirfarandi:

- 1) Orkumagnstala sú, sem nefnd er í fyrri greinargerö raforkumálastjórnarinnar, nfi. samtals 40 GWh/ari í lélegu vatnsári í öllum vatnsföllunum í botni Arnarfjarðar, er að okkar dómi eins örugg og ráðið verður af upplýsingum þeim um rennsli þessara fallvatna, sem fyrir hendi eru. Tölur Valgarðs eru b eins vegar byggðar á mjög takmörkuðum rennslisupplýsingum, sem fengnar voru löngu áður en reglubundnar vatnamælingar hófust á þessum stað.
- 2) Í fyrri greinargerö raforkumálastjórnarinnar var reynt að meta hvaða áhrif virkjunaraðstæður ættu að hafa á verö vatnsréttinda. Í þeiri greinargerö var ekki gerð tilraun til að rýra gildi vatnsréttindanna í Arnarfirði sérstaklega, kaupanda f hag, heldur var þar um að ræða tilraun til að koma föstu skipulagi á verðlagningu vatnsréttinda, en eins og æður er bent á og einnig kemur fram í greinargerö Valgarðs, virðist hin mesta ringulreið ríkja í þeim efnum. Það verö, 220 þús. kr., sem fundið var út með þessari aðferð, getur og á engan hátt talizt óeðlilega lágt, eins og bezt sést á því sem þegar befur verið bent að, að se kaupverð Bjórsárvatnsréttinda umreiknað beint eftir orkumagni, en

ekkert tillit tekið til annars, yrði verð vatnsréttindanna í Arnarfirði 30.000 kr. eða aðeins tæp 1½% af áðurnefndum 220 þús. Sést af því, að sízt var á seljanda hallað í fyrrnefndri greinargerð raforkumálastjórnarinnar og teljum við því áðurnefnd 220 þús. algjört hámark þess, sem greiðandi er fyrir margnefnd vatnsréttindi.

13. október 1960,

Jakob Björnsson  
Jakob Björnsson

Magnus Reynir Jónasson  
Magnus Reynir Jónasson